



Ísafjörður, 13. október 2025

Á 1343. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, þann 13. október 2025, var lagt fram erindi úr Samráðsgátt, mál nr. S-180/2025, frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Umsagnarfrestur er til 13. október 2025.

Bæjarráð fól bæjarstjóra að senda inn umsögn með vísan til umræðna á fundinum.

Eftirfarandi er samþykkt umsögn bæjarráðs:

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (endurskoðun sveitarstjórnarlaga). Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem varða stjórnarsýslu sveitarfélaga, íbúasamráð, frumkvæði ráðherra að sameiningum sveitarfélaga, samvinnu sveitarfélaga, fjármál og reikningsskil sveitarfélaga, starfshætti kjörinna fulltrúa og eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vill benda á nokkur atriði sem þarf að skýra betur eða lagfæra í framkomnu frumvarpi.

1. Sameining smærri sveitarfélaga

Í 3. gr frumvarpsins er lagt til að ef íbúafjöldi sveitarfélags er lægri en 250 þann 1. janúar ár hvert skv. tölum Hagstofu Íslands, skal ráðherra eiga frumkvæði að því að sameina það aðliggjandi sveitarfélagi. Um ókosti þessa óyndisúrræðis er fjallað í frumvarpsdrögunum, og hefur því verið mótmælt af minni sveitarfélögum. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar gerir sér grein fyrir þeim flóknu rökum sem hníga með og á móti slíkri lagagrein og tekur ekki beina afstöðu til þeirra.

Bæjarráð bendir þó á tvennt í þessu samhengi. Það fyrra er að ekki virðist gert ráð fyrir að aðliggjandi sveitarfélag sem sameinað yrði því smáa hafi nokkuð um málið að segja. Það seinna er að ef ráðherra er alvara með tímaáætlun og að kosið yrði til nýrra sameinaðra sveitarfélaga í maí 2026, er tímafresturinn býsna knappur og ekki til þess fallinn að sameining gangi eins vel og á verður kosið.

2. Heimastjórnir

Í kaflanum um heimastjórnir og byggðakjarna, 23. gr. frumvarpsins, er viðmiðið að ef íbúafjöldi er nær 250 manns þá sé heimilt að kosið verði í nefnd sem fer með afmörkuð málefni byggðakjarnans. Þá eru ákvæði um þéttbýli og vegalengdir. Með samþykkt frumvarpsins á þennan veg yrði ekki heimild til að stofna heimastjórn fyrir t.d. Hnífsdal og Flateyri, tvo byggðakjarna í Ísafjarðarbæ..

Þá virðist vera ósamræmi í tillögum frumvarpsins varðandi heimastjórnirnar. Gert er ráð fyrir að heimastjórn geti verð stofnsett og starfað í eitt til tvö kjörtímabil þar sem skyldubundin sameining er ákveðin. Hins vegar er í 23. gr. frumvarpsdraganna gert ráð fyrir að stofnað sé til heimastjórna í byggðakjörnum með að lágmarki 250 íbúa. Þarna er ekki nógu skýrt hvað átt er við. Ekki er gert ráð fyrir að heimastjórnir séu ekki starfræktar á dreifbýlum svæðum en það er



ágalli þar sem oft er um að ræða svæði sem eru dreifbýl með einum byggðakjarna sem, dæmi fjörður eins og Öfundarfjörður. Í raun væri ástæða til heimastjórna á slíkum svæðum meiri en þegar kemur eingöngu að byggðakjörnum, enda þar ýmis sérmálefni eins og samgöngur, skólamál, fjallskil, og skipulagsmál, með sérstöðu.

Þennan lágmarks íbúafjölda mætti lækka, eða taka með skýrari hætti af vafa um heimild sveitarfélags til að stofna heimastjórnir eftir sínu höfði. Í slíku heimildarákvæði ætti ekki að tiltaka hvort um dreifbýli eða þéttbýli er að ræða, íbúafjölda, eða vegalengd frá öðrum þéttbýliskjarna; einungis að hægt sé að búa til kjörskrá fyrir afmarkað landfræðilegt svæði.

3. Samspil við Jöfnunarsjóð

Í nýsamþykktum lögum um Jöfnunarsjóð er greitt álag til fjölkjarna sveitarfélaga, en þó ekki vegna fleiri kjarna en þriggja. Þetta rímar ekki við hugmyndir ráðuneytisins um sameiningar í gisnum byggðum með lágmarksíbúafjölda. Vissulega verður til stærðarhagkvæmni með fleiri byggðakjörnum, en eftir því sem flatarmál stækkar og vegalengdir lengjast, minnkar stærðarhagkvæmni vegna þess að halda þarf úti sjálfstæðri þjónustu á hverju þjónustusvæði, auk þess sem kröfur um almenningssamgöngur og aðra þjónustu aukast.

Eðlilegt er því að samhliða þessum breytingum verði gerðar breytingar á reikniverki Jöfnunarsjóðs þannig að ekki verði þak á byggðakjarnaálagi, eða að greiðslur aukist ólínulega með auknum fjölda byggðakjarna.

4. Fjármál

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekur undir athugasemdir sem fram koma í umsögn Samtaka íslenskra sveitarfélaga og varða breytingar á fjármálakafla laganna.

F.h. Ísafjarðarbæjar
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
bæjarstjóri